

Nd.

691. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en ég tel óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu felast tvær meginbreytingar frá gildandi lögum um aflatryggingasjóð.

Önnur er sú, að lækka skuli framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs þannig, að það verði aðeins einn fjórði hluti á móti tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi í stað helmings áður. Hin er um það, að taka skuli upp við sjóðinn svonefnda áhafnadeild, en henni er ætlað að greiða hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum.

Tekna á að afla til þeirrar deildar með þeim hætti að lækka útflutningsgjald á sjávarafurðum um 1%.

Ég er andvígur því, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs verði lækkað. Upphaflega var út frá því gengið, að ríkissjóður legði fram jafnmikið fé til aflatryggingasjóðs og útflutningsgjaldinu næmi. Árið 1962 var dregið úr þessu hlutfalli og framlagshlutar ríkissjóðs lækkaður, en útflutningsgjaldið jafnframt hækkað verulega.

Nú er enn gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs minnki, og virðist því stefnt að því, að útvegsmenn og sjómenn verði einir að standa undir þessu tryggingakerfi. Þetta tel ég ranga stefnu, og er augljóst, að hún hlýtur að leiða til þess, að mjög verður dregið úr gildi þessa tryggingakerfis útgerðarinnar.

Með frv. þessu er lagt til að hækka enn útflutningsgjald á sjávarafurðum um 1%, og var það þó ótrúlega hátt áður og miklu hærra en þekkist í nokkru samkeppnislandi okkar.

Tilgangurinn með þessu nýja gjaldi er sá að afla fjár í svonefnda áhafnadeild við aflatryggingasjóð, en þar er um að ræða sameiginlegan fæðiskostnaðarsjóð bátáútgerðarinnar. Nú er ráðgert að taka upp það kerfi að greiða nokkurn hluta af fæðiskostnaði fiskimanna úr sameiginlegum sjóði, sem fjár verði aflað til með almennu útflutningsgjaldi á sjávarafurðum.

Þetta nýja útflutningsgjald leggst á allar sjávarafurðir bátanna og kemur því í reynd fram sem lækkun á fiskverði til sjómanna og útvegsmanna. Þannig verða allir, sem fisk veiða til sölu, að greiða gjald í þennan fæðiskostnaðarsjóð.

Í frumv. er hins vegar lagt til, að einungis skuli greiða úr sjóðnum fæðiskostnað „lögskráningarskyldra“ sjómanna, en það þýðir, að þar er aðeins um að ræða þá sjómenn, sem eru á bátum, sem eru 12 rúml. að stærð eða stærri. Sjómenn á minni bátum eru ekki „lögskráningarskyldir“. Með þessu ákvæði er því ætlunin að skattleggja með útflutningsgjaldi og lækkuðu fiskverði alla bátasjómenn, einnig þá, sem veiðar stunda á minni bátum en 12 rúml. en hins vegar eiga þeir sjómenn ekki að fá neitt upp í sinn fæðiskostnað úr sjóðnum. Með öðrum orðum, sjómenn á minnstu bátunum (undir 12 rúml.), sem fiskveiðar stunda allt í kringum landið, eiga að greiða í sjóðinn, en fá ekkert greitt úr honum upp í sinn fæðiskostnað. Þannig á að skattleggja sjómenn á minnstu bátunum, til þess að hægt sé að greiða hluta af fæðiskostnaði sjómanna á stærri bátunum. Hér er að mínum dómi um hróplegt ranglæti að ræða, og því flyt ég tillögu um, að allir sjómenn á bátafлотanum, sem gjald greiða í sjóðinn, skuli hafa jafnan rétt til greiðslu úr sjóðnum.

Ég tel þá stefnu, sem tekin er upp með þessum fæðiskostnaðarsjóði, ranga. Útgerðarmenn eiga sjálfir að semja við sjómenn sína um greiðslu á fæðiskostnaði, eins og átt hefur sér stað í ýmsum tilfellum. Fæðiskostnaður er útgjaldaliður hvernar útgerðar, sem útgerðarmaður verður að glíma við sjálfur. Sameiginlegur fæðiskostnaðarsjóður stefnir að mínum dómi út í ógöngur, og litið réttlæti er í því, að útgerðir greiði fæðiskostnað í hlutfalli við aflamagn, en með þessum sameiginlega sjóði er að því stefnt.

Alþingi, 9. maí 1969.

Lúðvík Jósefsson.